

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/1750*  
*komudagur 25.2.2013*

25.2.2013

Góðan dag.

m.f. er umsögn sveitarstjórnar Skútustaðahrepps, umsögnin verður jafnframt send í pósti.

**Erindi frá nefndasviði Alþingis ósk um umsögn um tillögu til þingsályktunar um breytta framtíðarskipan refaveiða, 84. mál.**

Með tölvupósti dags. 7. febrúar er óskað umsagnar sveitarstjórnar á tillögu til þingsályktunar um breytta framtíðarskipan refaveiða á Íslandi. Þar er m.a. lagt til að samið verið við Samband íslenskra sveitarfélaga eða landshlutasamtök sveitarfélaga um að sjá um skipulagningu veiðanna og greiðslur til veiðimanna.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps gerir athugasemdir við fyrrgreindan hluta tillögunnar og telur mun eðlilegra að hvert sveitarfélag fyrir sig skipuleggi veiðar á ref og telur þá leið líklegri til árangurs en að fela ofangreindum samtökum skipulagninguna. Ekki veður séð í greinargerðinni sem fylgir þingsályktunartillögunni að neinn rökstuðningur sé fyrir breytingunni frá því sem nú er, heldur segir „Ástæðan þess er sú að sveitarfélög hafa séð um skipulagningu grenjavinnslu á sínum svæðum.“ Það er ekki skipulagning veiðanna sem er sveitarfélögunum erfið heldur sá kostnaður sem af veðunum hlýst og er fámennum landstórum sveitarfélögum mjög þungur baggi.

Kv

Guðrún M. Valgeirsdóttir  
Sveitarstjóri Skútustaðahrepps  
864-4141/464-4163